

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Snæfjallahrepps og Ísafjarðarkaupstaðar.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Snæfjallahrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Ísafjarðarkaupstaður.
2. Ísafjarðarkaupstaður hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Snæfjallahreppi og Ísafjarðarkaupstað.
3. Íbúar Snæfjallahrepps og Ísafjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja Ísafjarðarkaupstaðar.
4. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Snæfjallahreppi og Ísafjarðarkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Snæfjallahrepps skulu afhent Ísafjarðarkaupstað til varðveislu.
6. Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.
7. Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.
8. Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.
9. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndin og bæjarstjórnin skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.
10. Sameiningin skal taka gildi 11. júní 1994.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Litlabanka.

1. gr.

Frá og með 13. maí 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði suðvestur af landinu, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

1. 62°53'N – 24°44'V
2. 62°50'N – 24°38'V
3. 62°43'N – 24°50'V
4. 62°45'N – 24°55'V